



## Breyttar neysluvenjur í ljósi heimsfaraldurs

Útbreiðsla Covid-19 virðist hafa töluverð áhrif á neysluvenjur Íslendinga. Kortavelta dróst saman milli ára í mars en tók einnig breytingum í takt við færri ferðalög og samkomur.

### Samdráttur í kortaveltu ekki meiri í áraraðir


Seðlabanki Íslands birti í gær gögn um veltu innlendra greiðslukorta í mars. Alls nam velta tengd verslun og þjónustu innanlands 57 mö. kr. og dróst saman um 6,9% milli ára miðað við fast verðlag, sem er mesti samdráttur sem hefur mælst síðan í janúar 2013. Erlendis nam greiðslukortavelta innlendra korta 9 mö. kr. í mars, sem er 43,2% minni velta en í mars fyrir ári síðan miðað við fast gengi. Samdráttur erlendis hefur ekki mælst meiri síðan í september 2009.<sup>1</sup> Utanlandsferðir Íslendinga voru 64% færri í mars í ár samanborið við mars í fyrra samkvæmt gögnum Ferðamálastofu og kemur því ekki á óvart að sjá kortaveltu erlendis dragast verulega saman.

### Tölurnar bera þess merki að fólk hafi verið heima

Innlend kortavelta tók ákveðnum breytingum í mars sem ber þess merki að fólk hafi haldið sig heima. Samkvæmt Rannsóknarsetri verslunarinnar (RSV) var samdráttur mestur í þeim útgjaldaliðum sem tengjast ferðalögum, svo sem kaupum á skipulögðum ferðum eða gistiþjónustu. Einnig var minna keypt af eldsneyti samanborið við marsmánuð í fyrra.


Mörgum tónleikum og viðburðum var slegið á frest og kemur því ekki á óvart að um 30% samdráttur mældist í kortaveltu á veitingastöðum og í menningar-, afþreyingar- og tómstundastarfsemi. Íslendingar versluðu einnig mun minna í fataverslunum samanborið við mars fyrir ári síðan. Samdráttur þar mældist 37% milli ára miðað við fast verðlag.

### Greiðslukortavelta



Mánaðarleg gögn. Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis  
Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

### Breyting í kortaveltu eftir útgjaldaliðum



Samanburður við mars 2019. Velta raunvirt með viðeigandi undirlíð VNV.  
Heimild: RSV, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

<sup>1</sup> Innanlands er litið til greiðslukortaveltu í verslun og þjónustu (önnur viðskipti en í banka) en erlendis er litið til allrar kortanotkunar.



## Ekki alls staðar samdráttur

Það mældist þó ekki samdráttur innan allra útgjaldaliða kortaveltunnar, heldur jukust kaup af ákveðnu tagi talsvert. Kortavelta í raf- og heimilistækjaverslunum jókst um 27%, sem er til marks um aukinn áhuga á vörum til afþreyingar- og nytsemi meðan tíma er varið innan veggja heimilisins. Kortavelta jókst einnig í áfengisverslunum, í lyfja- og heilsuverslunum, stórmörkuðum og byggingarvöruverslunum.

## Netverslun blómstrar


Netverslun var mun meiri í mars í ár samanborið við marsmánuð fyrir ári síðan enda brugðu margar verslanir og veitingastaðir á það ráð að bjóða upp á heimsendingu og möguleika á að versla í gegnum netið. 16% af allri verslun í raf- og heimilistækjaverslunum fór fram í gegnum netið til samanburðar við 8% fyrir ári síðan. Mikil aukning var einnig í netverslun meðal fataverslana og eins verslana sem selja heimilisbúnað.

## Áhrif á einkaneyslu og þar með hagvöxt

Af þessari umfjöllun er ljóst að neysla landsmanna virðist hafa tekið talsverðum breytingum í mars þó samkomu- og ferðatakmarkanir hafi ekki varað nema hálfan mánuðinn. Þeir útgjaldaliðir sem drógust saman að einhverju leyti mynda um 25% af heildarneyslu landsmanna samkvæmt mælingum Hagstofunnar. Þeir liðir sem jukust að einhverju leyti, mynda um 27%.


Það er því fyrirséð að í það minnsta helmingur af neyslu landsmanna muni verða fyrir áhrifum af Covid-19 faraldrinum og benda kortaveltugögn til þess að samdrátturinn verði meiri en aukningin. Einkaneysla mun því að líkindum dragast saman með tilheyrandi áhrifum á hagvöxt, í það minnsta fyrst um sinn meðan áhrif samkomu- og ferðatakmarkana vara.

Hlutfall netverslunnar í mars



Hlutfall af verslun í heild. Heimild: RSV, Hagfræðideild Landsbankans

Samsetning neyslu og væntanleg áhrif breyttra venja



Miðast við hlutfallslega skiptingu VNV í mars 2020. Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélag hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef